



HAFNARFJÖRÐUR

Alþingi 6.4.2017

Málsnr.: 1702078

Málalykill: 0.34.3

Alþingi
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Hafnarfirði, 31. mars 2017
1703429 AUT

Á fundi bæjarstjórnar þ. 29.mars sl. var eftirfarandi tekið fyrir:

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 með síðari breytingum, 120 mál til umsagna.

Bæjarstjórn samþykkir með 7 atkvæðum atkvæðum að leggjastst alfarið gegn samþykkt frumvarps um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum, og tekur undir sjónarmið sem fram koma í umsögnum Sambands íslenskra sveitarfélaga um áður framlögð frumvörp sama efnis.

Rökin fyrir lágmarksútsvarshlutfalli eru þau að allir íbúar landsins sem greiða skatt af tekjum sínum á annað borð skuli greiða sinn lágmarkshluta af kostnaði við þá samfélagsþjónustu sem hið opinbera veitir íbúum landsins. Þau rök hafa í engu breyst frá því að lög um lágmarkshlutfall útsvars voru sett árið 1993.

Með afnámi lágmarksútsvars yrði aukið enn á þann kerfislæga ójöfnuð sem er í núverandi tekjugrunni íslenskra sveitarfélaga og ítrekað hefur verið bent á að þarfnist úrbóta. Ef gera á breytingar á gildandi fyrirkomulagi væri eðlilegra að auka tekjujöfnun milli sveitarfélaga þannig að öllum íbúum landsins sé í reynd tryggð viðunandi og sambærileg grunnþjónusta óháð tekjum íbúanna.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðarbæjar tekur sömuleiðis undir framkomin sjónarmið, m.a. frá bæjarráði Hveragerðisbæjar, um að með afnámi lágmarksútsvars yrði gengið þvert gegn ofangreindum markmiðum og skapaðar forsendur fyrir innlendum skattaparadísnum og tilheyrandi "gervibúsetu" með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Slíkt myndi jafngilda rofi á þeirri sátt sem ríkt hefur í okkar samfélagi um að íbúar landsins fjármagni grunnþjónustuna í sameiningu.

Fjórir greiddu atkvæði á móti framangreindri tillögu.

Virðingarfyllst,

Auður Porkelsdóttir
skrifstofustjóri